

Nd. 281. Frumvarp til laga

um ráðstafanir vegna dýrtíðar o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

I. KAFLI

Um verðlag landbúnaðarvara og vísitölu.

1. gr.

Frá 15. september 1944 skulu landbúnaðarafurðir verðlagðar á þann hátt, að reiknað sé aðeins með 90% af landbúnaðarvísitölu, sem í gildi kemur þann dag, samkvæmt útreikningi Hagstofunnar.

Ríkisstjórninni er heimilað, með framlagi úr ríkissjóði til 31. desember 1944, að halda óbreyttu verðlagi á landbúnaðarvörum, eins og það var 1. september 1944.

2. gr.

Engin dýrtíðaruppbót skal greidd með hærri vísitölu en 270 stig.

3. gr.

Frá byrjun næsta mánaðar eftir gildistöku laga þessara skulu laun eða kaup fyrir hvaða starf, sem vera skal, eða annað, sem dýrtíðaruppbót hefur verið greidd af, reiknuð með aðeins 95% af gildandi framfærsluvísitölu, þó aldrei af hærri vísitölu en 270 stig, sbr. 2. gr. Næsta mánuð á eftir skal reiknað með 90% af gildandi vísitölu og þar til öðru vísi kann að verða ákveðið. Brot gegn þessu varðar sektum.

4. gr.

Fari framfærsluvísitala yfir 270 stig, skal verð landbúnaðarafurða til framleiðenda lækka í sömu hlutföllum og dýrtíðaruppbót skerðist vegna hámarksbindingar vísitölu í sambandi við kaupgreiðslur, sbr. 2. gr.

5. gr.

Engin dýrtíðaruppbót skal greidd af kauphækkunum, sem fara fram á tímabilinu 1. september 1944 til 1. júlí 1945.

II. KAFLI

Um eignaraukaskatt.

6. gr.

Leggja skal sérstakan skatt á eignaraukningu, sem orðið hefur á árinu 1940, 1941, 1942 og 1943 og numið hefur yfir 50 þús. kr. samtals á árabili þessu hjá skattþegn.

50 þús. kr. eignaraukning hjá hverjum skattþegn er skattfrjáls.

Af allt að 50 þús. kr. skattskyldri eignaraukningu skal greiða 6%.

Af 50— 200 þús. kr. skattsk. eignaraukn. greiðist	3 þús. af	50 þús. og 8 % af afg.
— 200— 300 — — — — —	15 — —	200 — — 11 — — —
— 300— 500 — — — — —	26 — —	300 — — 13 — — —
— 500—1000 — — — — —	52 — —	500 — — 15 — — —
— 1000 og hærri — — — — —	127 — —	1000 — — 18 — — —

7. gr.

Frá eignaraukningunni skal draga fé það, sem lagt hefur verið í nýbyggingasjóð útgerðarfyrirtækis og varasjóð samvinnufélags, áður en eignaraukaskattur er á lagður. Enn fremur skal draga frá fé, sem stafar af útborgun líftryggingarfjár, örorku-, slysa- eða dánarbóta. Hafi skattþegn ekki átt fyrir skuldum í ársbyrjun 1940, skal eignarhallinn dreginn frá eignaraukningunni. Draga skal enn fremur frá eigninni 1. janúar 1940 þá fjárhæð, sem greidd var í tekjuskatt, eignarskatt, stríðsgróðaskatt, samvinnuskatt og útsvar á því ári, og á sama hátt skal draga þessi gjöld, lögð á 1944, frá eigninni í árslok 1943.

8. gr.

Nú telur skattþegn, að eignaraukning, sem fram kemur samkvæmt framtali hans, sé ekki raunveruleg, heldur fram komin vegna tilfærslu á eignum, og á hann þá rétt á að láta fara fram mat á eignarbreytingu sinni. Ríkisskattanevnd skal framkvæma mat þetta, en tilnefnt getur hún þrjá menn til þess, ef sérstaklega stendur á.

Nú leikur vafi á því, að fyrir liggi fullnægjandi upplýsingar um kaupverð eða kostnaðarverð eignar, og skal þá ríkisskattanevnd meta eignina eða skipa menn til þess.

Ráðherra ákveður með reglugerð nánar um framkvæmd eignamats.

9. gr.

Við ákvörðun eignaraukningar skal farið eftir framtölum skattþegna eins og hlutaðeigandi skattayfirvöld hafa frá þeim gengið til álagningar tekju- og eignarskatts. Fasteignir, skip eða verðbréf, sem skattþegn hefur eignast á fyrrnefndu tímabili, skal talið fram á það verð, sem greitt var fyrir þessar eignir.

10. gr.

Um álagningu skattsins, gjalddaga, innheimtu, lögtaksrétt, vangoldinn skatt og viðurlög fer að lögum um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við getur átt, en nánari ákvæði setur fjármálaráðherra með reglugerð.

Heimilt skal fjármálaráðherra, að fengnum tillögum ríkisskattanevndar, að veita greiðslufrest á nokkrum hluta eignarskatts, allt að 3 árum, eða færa hann niður, ef sérstaklega stendur á, svo sem ef eignaraukinn er bundinn í atvinnutækjum eða nauðsynlegum birgðum, eða ef gjaldþegn hefur orðið fyrir óhöppum, er hann fær eigi bætt.

11. gr.

Fé það, sem aflast samkvæmt þessum lögum, skal lagt í sérstakan sjóð, er nefnist atvinnutryggingarsjóður og geymdur skal hjá Tryggingastofnun ríkisins. Sjóði þessum má aðeins ráðstafa af Alþingi með sérstökum lögum um atvinnutryggingar í landinu.

12. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum fara að hætti opinberra mála. Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Með frv. þessu er stefnt að því að stöðva verðbólguna. Ríkisstjórnin er þeirrar skoðunar, að nú séu síðustu forvöð til raunhæfra ráðstafana í þessu efni, ef þess á að verða kostur að forðast þær hörmulegu afleiðingar, sem óheft verðbólga hlýtur að hafa í för með sér fyrir allan landslýð.

Samkvæmt útreikningum Hagstofunnar hækkar landbúnaðarvísitalan um 9,46 stig hinn 15. september næstkomandi. Þessi hækkun kemur öll fram í framfærsluvísitölunni með verðhækkun á kjöti og mjólkurafurðum. Til þess að halda framfærsluvísitölunni óbreyttri með framlagi úr ríkissjóði, eins og hún var í lok ágústmánaðar, þrátt fyrir hina nýju verðhækkun, mundi þurfa svo mikið fé, að slíkt væri ríkissjóði ofviða.

Er því ekki um að ræða, ef ekki á að gefa dýrtíðinni lausan tauminn, annað en það, að gerðar séu ráðstafanir, sem hefti verðbólguna nú þegar, ásamt nokkru framlagi úr ríkissjóði um takmarkaðan tíma. Til þess að svo megi verða, þurfa landsmenn að sýna skilning og vilja til að taka á sig um stundarsakir nokkrar byrðar, svo að unnt sé að setja skorður hinni hættulegu þróun, er nú ógnar öllu atvinnulífi þjóðarinnar.

Með frv. er leitast við að nú því marki að stöðva verðbólguna varanlega, en jafnframt að láta byrðina koma sem jafnast á þegnana. Þeir, sem laun taka, verða að láta hlutfallslega af mörkum eins og þeir, sem framleiðslu landbúnaðarvara stunda. Og þeir, sem grætt hafa mikið fé á undanförunum ófriðarárum, verða að láta af hendi nokkurn hluta þess í því skyni að tryggja afkomu almennings í landinu eftir stríðið.

Verður ekki hér gerð frekari grein einstökum atriðum frv., en um það verður nánar rætt í framsögu.